

Eyja- og Miklaholtshreppur
Ragnar Már Ragnarsson
Hofsstöðum
311 Borgarnes

Reykjavík 5. janúar 2021
UST202012-164/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Miðhraun 2 – Eyja – og Miklaholtshreppur

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Eyja- og Miklaholtshrepps er barst 16. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Miðhraun 2 í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir að afmörkuð er lóð fyrir náttúrulega baðlaug og lón. Innan byggingarreits er heimilt að byggja að hámarki 1.500 m² í einni eða fleiri byggingum. Gerð er krafa er um a.m.k. eitt bílastæði fyrir hverja 25 m². Krafa er gerð um a.m.k. 5 rútustæði. Fráveita tengist við núverandi rotþró svæðisins sem uppfyllir reglugerð nr. 798/1999. Gerð verður grein fyrir nánari tæknilegri útfærslu fráveitu á byggingarleyfisgögnum.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Í greinargerð kemur fram að hraun við jaðar skipulagssvæðisins fellur undir a. lið. 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60 / 2013 um náttúruvernd og hönnun og staðsetning mannvirkja skal vera þannig að ekki verði röskun á hrauni. Auk þess kemur fram að vegna nálægðar við forsögulegt hraun ber að hanna og staðsetja mannvirki þannig að hrauni verði ekki raskað.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að hrauni sem fellur undir sérstaka vernd náttúruverndarlaga verðir ekki raskað.

Baðstaðir í náttúrunni

Umhverfisstofnun telur að náttúruböðin sem eru hér til umfjöllunar geti fallið undir reglugerð 460/2015 um baðstaði í náttúrunni, en markmið reglugerðarinnar er að stuðla að öryggi notenda og bættum hollustuháttum á baðstöðum í náttúrunni. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þetta komi fram í tillögunni.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram gerð verður grein fyrir nánari tæknilegri útfærslu fráveitu á byggingarleyfisgögnum. Umhverfisstofnun telur æskilegt að fjallað sé um útfærslu, meðhöndlun baðvatns og umhverfisáhrif fráveitu í skipulagstillögnum.

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur